

Ed.
um Hitaveitu Siglufjarðar.

286. Frumvarp til laga

[157. mál]

Flm.: Hannes Baldvinsson.

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og Siglufjarðarkaupstaður skulu setja á stofn hitaveitu-fyrirtæki, er nefnist Hitaveita Siglufjarðar.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja jarðhita í Skútudal eða annars staðar í Siglufirði, ef hagkvæmt þykir, leggja aðveituæð og dreifikerfi um kaupstaðinn og annast sölu á heitu vatni til notenda. Hitaveita Siglufjarðar skal reisa kyndistöð og miðlunargeymi til að tryggja rekstraröryggi og annast frekari boranir eftir heitu vatni, teljist slíkt nauðsynlegt.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er í Siglufirði.

2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar er sameignarfyrirtæki ríkisins og Siglufjarðarkaupstaðar.

Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%.

Eignarhluti Siglufjarðarkaupstaðar skal vera 60%.

Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Siglufjarðar gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæt eignarhlutföll-

um. Verði síðar ákveðið að krefja viðbótarframlags frá eigendum, skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutfall. Eignarhlutföllum verður ekki breytt, og hvorugum sameignaraðila er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

3. gr.

Starfsemi Hitaveitu Siglufjarðar skal beinast að öflun heits vatns fyrir bæjarfélagið og rannsókn á jarðhitasvæðum í Siglufirði.

Verkefni Hitaveitu Siglufjarðar skulu nánar tilgreind í reglugerð.

4. gr.

Siglufjarðarkaupstaður skal afhenda Hitaveitu Siglufjarðar öll mannvirki sín í Skútudal, þar á meðal borholur fyrir heitt vatn, veg að virkjunarstað og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjunar í Skútudal. Náist eigi samkoinlag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem bæjarfógetinn í Siglufirði dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti er eignaraðilar afhenda.

5. gr.

Sameignaraðilar að Hitaveitu Siglufjarðar leggja fram stofnframlag, 20 milljónir kr., sem skiptist milli aðila í hlutföllum þeim, er um getur í 2. gr. Í framlagi eignaraðila skulu talin verðmæti þau, sem um ræðir í 4. gr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Siglufjarðar einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan bæjarmarka Siglufjarðarkaupstaðar.

7. gr.

Stjórn Hitaveitu Siglufjarðar skal skipuð fimm mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Bæjarstjórn Siglufjarðar skipar þrjá stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið.

8. gr.

Stjórn Hitaveitu Siglufjarðar hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

Stjórn Hitaveitu Siglufjarðar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti bæjarfulltrúar í bæjarstjórn Siglufjarðar og 6 fulltrúar frá ríkissjóði. Fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra manna í stjórn.
5. Önnur mál.

10. gr.

Stjórn Hitaveitu Siglufjarðar setur gjaldskrá um verð á heitu vatni til notenda.

Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Heimilt er stjórn Hitaveitu Siglufjarðar að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki beggja eignaraðila. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Siglufjarðar tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 200 milljónum kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar hún Hitaveitu Siglufjarðar með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstjórnin ákveður.

13. gr.

Um skyldu Hitaveitu Siglufjarðar til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóðs fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga, er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Siglufjarðar skal undanþegin stimpilgjöldum.

14. gr.

Siglufjarðarkaupstaður skal, án endurgjalds, leggja til lóðir og lóðarréttindi, sem eru í eigu kaupstaðarins og nauðsynlegar eru undir byggingar, miðlunargeymi, aðveituæð og önnur mannvirki, sem reist verða á vegum Hitaveitu Siglufjarðar.

15. gr.

Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Siglufjarðar að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

16. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal hvoru tveggja lokið fyrir 15. apríl 1975.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hitaveitu Siglufjarðar. Skal stjórn Hitaveitu Siglufjarðar undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 18. des. s. l. voru samþ. hér á Alþingi lög um Hitaveitu Suðurnesja, en þar er ákveðið, að ríkissjóður og sveitarfélög á Suðurnesjum sameinist um byggingu og rekstur hitaveitu fyrir sveitarfélögin þar. Frumvarp það, sem hér er lagt

fram, er svo til samhljóða lögunum um Hitaveitu Suðurnesja og efnisatriðum í engu breytt, nema þar sem aðrar kringumstæður en lögin miðast við krefjast breytinga.

Í Skútudal í Siglufirði hefur um nokkurt árabíl farið fram leit að heitu vatni til notkunar fyrir hitaveitu í kaupstaðnum. Hafa í því skyni verið boraðar nokkrar holur í námunda við heitar lindir, sem þarna eru. Árangur hefur því miður ekki reynst eins góður og vonir stóðu til, en tilraunir hafa þó leitt í ljós, að þarna má, með niðurdráttardælingu, fá um það bil 21 sekúndulítra af 67 gráða heitu vatni og er það vatnsmagn talið duga til upphitunar á $\frac{2}{3}$ hlutum bæjarins.

Frumhömun á hitaveitu fyrir Siglufjörð á grundvelli þessarar niðurstöðu hefur leitt í ljós, að hagkvæmt er talið að virkja þetta vatnsmagn. Er áætlað að leggja lokað kerfi um hluta bæjarins og reisa kyndistöð, sem notar svartolíu og/eða rafmagn til upphitunar á því vatnsmagni, sem á skortir til að fullnægja hitaþörfinni. Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþ. að ráðast í framkvæmdir á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir hendi eru, og er fullnaðarhönnun verksins þegar hafin og stefnt að því að ljúka lagningu hitaveitunnar á árinu 1976.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður verði aðili að framkvæmdum og rekstri á hitaveitu í Siglufirði, á sama hátt og þegar hefur verið ákveðið með lögum um Hitaveitu Suðurnesja.

Áætlað er að leggja fram nokkra fjárupphæð til að staðfesta eignaraðildina, og heimildin í 12. gr. frumvarpsins til að ábyrgjast lántöku eða taka að láni fé til framkvæmda ætti að tryggja, að unnt verði að ljúka verkinu á áætluðum tíma.